

Nd. 266. Frumvarp til laga [138. mál]

um heimild handa ríkisstjórninni til þess að selja Kópavogskaupstað nýbýlalönd og hluta jarðarinnar Kópavogs og um eignarnámsheimild á ábúðarréttindum.

Flm.: Axel Jónsson, Jón Skaftason, Geir Gunnarsson, Benedikt Gröndal.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Kópavogskaupstað nýbýlalöndin Ástún, Birkihlíð, Grænuhlíð, Lund, Meltungu, Snæland og Sæból, er stofnuð voru samkvæmt nýbýlalögum frá 1936, og Efstaland, sem stofnað var samkvæmt lögum um nýbyggð og endurbyggingar í sveitum frá 1947, svo og þann hluta jarðarinnar Kópavogs, sem heilbrigðismálaráðuneytið hefur til umráða austan Hafnarjarðarvegar.

Náist ekki samkomulag um söluverð landsins, skal það metið af gerðardómi, þar sem kaupandi og seljandi tilnefni hvor sinn aðila, en bæjarfógeti Kópavogskaupstaðar oddamann. Þó skal Kópavogskaupstað ekki gert að greiða þá verðhækkun landsins, sem orðið hefur vegna framkvæmda bæjarfélagsins sjálfs í sambandi við skipulagsaðgerðir kaupstaðarins.

Andvirði landsins skal Kópavogskaupstað heimilt að greiða á 25 árum.

Þarfnist ríkið eða ríkisstofnanir byggingarlóða úr landinu, undir opinberar byggingar, skal því heimilt að kaupa þær og þá við sama verði hlutfallslega og Kópavogskaupstað var gert að greiða fyrir landið.

2. gr.

Bæjarstjórn Kópavogskaupstaðar er heimilt að taka eignarnámi ábúðarréttindi í eignarlandi kaupstaðarins, ef nauðsyn krefur vegna skipulags. Um framkvæmd eignarnámsins skal fara eftir ákvæðum laga nr. 61 frá 14. nóvember 1917.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með lögum nr. 32 frá 22. maí 1957 heimilaði Alþingi ríkisstjórninni að selja Kópavogskaupstað allt land jarðanna Digraness og Kópavogs, að undanskildum nýbýlum og því landi, sem heilbrigðismálaráðuneytinu hafði verið afhent vegna rekstrar hæla ríkisins í Kópavogi og búrekstrar ríkisins í sambandi við þau. Í samræmi við þessi lög afsalaði þáverandi landbúnaðarráðherra, hinn 14. ágúst 1957, til Kópavogskaupstaðar öllu landi jarðanna Digraness og Kópavogs, nema nýbýlölöndum þeim, sem undantekin voru í lögnum og tilgreind eru í afsalinu, svo og landi því, sem heilbrigðismálaráðuneytinu hafði verið afhent.

Þegar heimildarlögin um sölu jarðanna Digraness og Kópavogs voru sett árið 1957, eða fyrir u. þ. b. 10 árum, þótti ekki nauðsynlegt að láta heimildina ná til nýbýlanna. Á þeim 10 árum, sem liðin eru, hafa aðstæður breytt verulega. Búskapur á flestum nýbýlanna hefur stórlega dregið saman og á sumum lagzt niður með öllu.

Verið er nú að leggja drög að skipulagi þess svæðis, sem nýbýlölöndin eru á, og verða þau því eigi talin utan skipulagssvæða kaupstaða eða kauptúna, eins og gert er ráð fyrir í 1. gr. ábúðarlaga.

Samkvæmt 10 ára áætlun um uppbyggingu Kópavogskaupstaðar á árunum 1966—1975 er gert ráð fyrir að byggja upp nefnt svæði að verulegu leyti á því tímabili. Kópavogur hefur nú þegar gert ráðstafanir til þess að gera þetta svæði byggingarhæft, m. a. með hlutdeild í lagningu hins mikla holræsis, sem liggur um Fossvogsdal.

Þá er gert ráð fyrir, að miklar umferðaræðar, annars vegar Hafnarfjarðarvegur og hins vegar Suðurlandsvegur um Fossvogsdal, liggja um allstórar skákir af þessum löndum.

Sá hluti jarðarinnar Kópavogs, sem liggur austan Hafnarfjarðarvegur og heilbrigðismálaráðuneytið hefur nú til umráða, er skv. skipulagi fyrirhugað ípróttasvæði, og er þetta svæði valið í samráði við sérfræðinga í þeim efnun. Hér er ekki um það land að ræða, sem ríkisspítalarnir hafa þegar skipulagt að nokkru leyti undir hælisyggingar, það land liggur allt vestan Hafnarfjarðarvegur. Landið austan Hafnarfjarðarvegarins hefur hins vegar ekki nýtt ríkisspítölunum á undanförunum árum, nema að óverulegu leyti til beitar, en nú er búskapur ríkisspítalanna þar aflagður.

Verði frumvarp þetta að lögum, er að sjálfsögðu gert ráð fyrir því, að Kópavogskaupstaður taki við þeim skuldbindingum, sem frumvarpið fjallar um. Verða ákvæði hér að lútandi, svo og önnur þau skilyrði, sem setja þarf, tekin fram í afsali, á sama hátt og gert var í afsalinu frá 14. ágúst 1957.

Fylgiskjal með frumvarpi þessu er kort yfir lönd þau og landspildur, sem um ræðir í lögnum.

Frumvarp þetta er flutt samkvæmt einróma beiðni bæjarstjórnar Kópavogskaupstaðar.

